

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Austurvegur 61-63.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. september 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Austurvegur 61 og 63 á Selfossi. Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi byggingar á lóðunum verði rifnar og lóðirnar sameinaðar í eina lóð. Gert er ráð fyrir byggingu þriggja hæða fjölbýlishúss auk bílakjallara. Fjöldi íbúða er allt að 21. Þá er einnig gert ráð fyrir bílgeymslu neðanjarðar fyrir 17 bíla og 4 bílastæðum ofanjarðar ásamt leiksvæði.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 4. nóvember 2025.

F.h. bæjarstjórnar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 18. nóvember 2025